

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um vegrið á milli akbrauta á Reykjanesbraut.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hafa viðeigandi aðilar kannað þörfina fyrir uppsetningu vegriðs á milli akbrauta á Reykjanesbraut (Keflavíkurvegi)?*
2. *Hefur þörfin fyrir vegrið á milli akbrauta á Reykjanesbraut (Keflavíkurvegi) verið metin með tilliti til umferðarslysa á Hafnarfjarðarvegi þar sem vegrið hefur verið sett upp á milli akbrauta?*

Í janúar 2010 tók til starfa vinnuhópur innan Vegagerðarinnar sem fékk eftirtalin verkefni:

1. Skoða hvar brýnast er að setja vegrið, þ.e. miðjuvegrið og kantvegrið, á þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu og hvaða tegund vegriðs hentar best á hverjum stað.
2. Skoða hvar brýnast er að setja vegrið, þ.e. miðjuvegrið og kantvegrið, á Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur og hvaða tegund vegriðs hentar best á hverjum stað.

Ákveðið var að byrja á því að setja miðjuvegrið á þeim þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu þar sem hámarkshraði er 70 km/klst. eða meiri. Árið 2010 tókst að ljúka uppsetningu miðjuvegriðs á milli akbrauta á Hafnarfjarðarvegi milli Fossvogslækjar og Vífilsstaðavegar en á þeim vegarkafli er hámarkshraði 80 km/klst. Jafnframt tókst að ljúka uppsetningu miðjuvegriðs á Reykjanesbraut frá vegamótum við Bústaðaveg og suður fyrir mislæg vegamót Reykjanesbrautar og Breiðholtsbrautar. Á þessu ári verður uppsetningu miðjuvegriða á höfuðborgarsvæðinu haldið áfram og er unnið að gerð kostnaðaráætlana fyrir þá aðgerð á umferðarmesta hluta Nesbrautar (m.a. Artúnsbrekku) og Hringvegi að Úlfarsfellsvegi en jafnframt á Reykjanesbraut, þ.e. frá þeim stað sem frá var horfið á síðasta ári, sunnan Breiðholtsbrautar og suður fyrir Vífilsstaðaveg. Stefnt er að því að halda verkefninu, og þ.m.t. uppsetning miðjuvegriða á Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur, áfram á næstu árum í samræmi við þær fjárveitingar sem fást. Í ljósi takmarkaðra fjármuna verða fyrst sett upp miðjuvegrið þar sem hættan er mest og jafnframt forgangsraðað miðað við umferð.